

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2019–2020

3. júní 2020

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 22. maí 2019. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar skal halda ársfund stofnunarinnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Af ástæðum sem ekki þaf að taka fram hlaut ársfundur fyrir 2019–2020 að frestast fram yfir tilsettan tíma.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar skipa: Hjalti Hugason, sem er formaður, Gunnlaugur A. Jónsson, meðstjórnandi og varaformaður og Bjarni Karlsson sem er fulltrúi doktorsnema. Bjarni hefur nú lokið doktorsprófi sínu og eru honum færðar hamingjuóskir og þakkir fyrir störf hans í þágu stofnunarinnar. Þarf nú að vinna að því að finna eftirmann hans úr röðum þeirra sem fylla skilyrði um stjórnarsetu.

Fjárhagsstaða

Sjá ársreikninga stofnunarinnar í fylgiskjali.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Guðfræðistofnunar á síðasta starfsári:

Haustmisseri 2019

- 30. september flutti Jan-Olav Henriksen prófessor við Teologiska Menighedsfakulteten í Ósló fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu. Heiti fyrirlestursins var í ísl. þýðingu: *Lækningar Jesú — vandamál eða áskorun?*
- 10. október flutti Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu um efnið: *Húsið brennur.*
- 4. nóvember flutti dr. Sigurvin Lárus Jónsson fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu um efnið: *Jakob á meðal klassisista.*

Vormisseri 2019

- 10. febrúar flutti dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu. Heiti fyrirlestrarins var: *Sálmur Hiskía konungs: Traust, von og væntingar um endurreisn þjóðar.*

Tvær málstofur í viðbót voru fyrirhugaðar en féllu niður af ástæðum sem ekki þarf að taka fram. Verður leitast við að taka þær á dagskrá á næsta starfsári.

Málþing

11. nóvember 2019 stóð Guðfræðistofnun fyrir hefðbundnu haustmálþingi sínu undir titlinum *Hvað er í deiglunni?* Málþingið fór fram í stofu A229 frá kl. 11: 40 til um kl. 15 og boðið var upp á léttu hádegishressingu. Dagskráin var sem hér segir:

Arnfríður Guðmundsdóttir: *Þetta er ekki eins og það á að vera. Að tala um synd og hamfarahlýnun í sömu setningu.*

Pétur Pétursson: *Hugtökin firring hjá Karli Marx og syndin í kenningum Ágústínusar kirkjuföður.*

Hádegishlé — Hressing í boði á staðnum

Hjalti Hugason: *„Er komið aðði?“ Þingsályktunartillaga um aðskilnað ríkis og kirkju.*

Rúnar M. Þorsteinsson: *Nýr kommentar um Rómverjabréfið í bígerð (Oxford Biblical Commentary Series)*".

Gunnlaugur A. Jónsson: *“... því að þú ert hjá mér.” Er þrátt fyrir allt unnt að tala um þungamiðju í Gamla testamentinu?*

Sólveig Anna Bóasdóttir: *„Andri Snær og Frans páfi: um loftslagsmál, trú og sögur“.*

Ritröð Guðfræðistofnunar

Arnfríður Guðmundsson prófessor er ritstjóri Ritraðarinnar. Önnur í ritstjórn eru prófessorarnir Gunnlaugur A. Jónsson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2019.

Hugvísindaping

Skípulögð hafði verið tvöföld málstofa um umhverfismál sem þorri starfsmanna hugðist taka þátt í ásamt utanaðkomandi fyrirlesurum. Af ástæðum sem ekki þarf að taka fram var þinginu aflýst. Kannað verður hvort tók verða á að bjóða upp á málstofuna á næsta þingi sem áformað er á haustmisseri.

Þverfaglegt verkefni

Þann 19. febrúar 2020 var haldinn stofnfundur þverfaglegs verkefnis undir vinnutitlinum **Mannréttindi — fjölmennig — trú — loftslagsvá**. Stjórn stofnunarinnar hafði unnið að undirbúningi verkefnisins í samráði við aðra starfsmenn m.a. á kennarafundum. Til fundarins var boðað með boðsbréfi þar sem sagði m.a.:

Verkefninu er ætlað að stuðla að sem fjölþættustu framlagi í umræðunni um þau brýnu úrlausnarefni sem mannkyn stendur nú frammi fyrir og rúmast í ofangreindum titli. Að verkefninu verður unnið með rannsóknum, málstofum, málþingum, útgáfum o. fl. Auk rannsókna er verkefninu ætlað að vinna að því að til verði efni sem hentar til háskólakennslu. Verkefnið verður til að byrja með fjármagnað með styrk úr Starfssjóði Guðfræðistofnunar en í framhaldinu einnig með

öðrum styrkjum og framlögum sem stjórn þess aflar. Leita skal samstarfs við innlenda og erlenda fræðimenn á ýmsum sviðum.

Á fundinn mættu um 20 manns auk þess boðuðu um 20 manns þátttöku í verkefninu en höfðu ekki tæk á að mæta á fundinn. Á fundinum var kjörin þriggja manna stjórn sem fékk m.a. það hlutverk að skipuleggja verkefnið og starf þess. Í stjórnina voru kjörin prófessorarnir Sólveig Anna Bóasdóttir, Rúnar Már Þorsteinsson og dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar

Staða sjóðsins verður kynnt á fundinum.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Má þar sérstaklega nefna þátttöku í *Hringborði Norðursins*.

Reykjavík, í maí 2020

Hjalti Hugason, formaður stjórnar

Gunnlaugur A. Jónsson, meðstjórnandi

Bjarni Karlsson, fulltrúi doktorsnema